



25. apríl 2023
Tilv.: 2303007

Dreifibréf númer: 19/2023
til fjármálafyrirtækja og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Viðmiðunarreglur EBA um vaxtaáhættu vegna viðskipta utan veltubókar og áhættu vegna breytinga á vaxtaálagi utan veltubókar (IRRBB og CSRBB)

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út uppfærðar viðmiðunarreglur (e. guidelines) á grundvelli 6. mgr. 84. gr. tilskipunar 2013/36 (CRD) um vaxtaáhættu vegna viðskipta utan veltubókar (e. interest rate risks in the banking book, IRRBB) og áhættu vegna breytinga á vaxtaálagi utan veltubókar (credit spread risk arising from non-trading book, CSRBB) (EBA/GL/2022/14).¹ Viðmiðunarreglurnar koma í stað viðmiðunarreglna frá 2018 um sama efni (EBA/GL/2018/02) og taka gildi í tveimur skrefum, þ.e. 30. júní 2023 og 31. desember 2023. Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar [hér](#).

Viðmiðunarreglurnar beinast að bæði eftirlitsstjórnvöldum og fjármálafyrirtækjum. Í 84. gr. CRD er fjallað um vaxtaáhættu vegna starfsemi utan veltubókar en ákvæðið er innleitt í 78. gr. f laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Þar kemur fram í 1. mgr. að fjármálafyrirtæki skuli með innri ferlum eða staðlaðri aðferð eða einfaldaðri staðlaðri aðferð, greina, meta, stýra og milda áhættu vegna mögulegra vaxtabreytinga sem hafa áhrif á bæði hagrænt virði eigin fjár og hreinar vaxtatekjur vegna viðskipta utan veltubókar. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal fjármálafyrirtæki einnig hafa stefnu og ferla til að greina og vakta áhættu vegna mögulegra breytinga á vaxtaálagi sem hefur áhrif á bæði hagrænt virði eigin fjár og hreinar vaxtatekjur vegna viðskipta þess utan veltubókar.

Viðmiðunarreglurnar byggja að miklu leyti á stöðlum Basel fyrir mat á vaxtaáhættu utan veltubókar.² Nánar tiltekið skilgreina viðmiðunarreglurnar kröfur og viðmið fyrir innri líkön lánastofnana, sem ná til vaxtaáhættu utan veltubókar (e. IRRBB) og fyrir útreikning á SOT prófi (e. supervisory outlier test). Nánari útlistun á aðferðafræði SOT prófa verður að finna í sérstökum tæknistaðli sem EBA er með í vinnslu.³ Reglurnar ná einnig til greiningar, stýringar og mildunar á vaxtaáhættu utan veltubókar, í þeim tilfellum sem lánastofnanir nota staðalaðferð (SA) í stað

¹ Guidelines issued on the basis of Article 84 (6) of Directive 2013/36/EU specifying criteria for the identification, evaluation, management and mitigation of the risks arising from potential changes in interest rates and of the assessment and monitoring of credit spread risk, of institutions' non-trading book activities.

² BCBS Standards on Interest rate risk in the banking book, april 2016.

³ Regulatory Technical Standards on IRRBB supervisory outlier tests. EBA.

innri líkana. Nánari útlistun á staðalaðferð (SA) verður jafnframt að finna í tæknistaðli sem EBA er með í vinnslu.⁴

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESA reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017, eiga lögbær yfirvöld og eftirlitskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) beinir því til fjármála-fyrirtækja að kynna sér viðmiðunarreglur EBA/GL/2022/14 og taka mið af þeim í starfsemi sinni frá 30. júní 2023. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunar-reglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum sem fjallað er um hér að framan er fullnægt.

Dreifibréf þetta mun birtast á vefsíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirliti

Pálmi Reyr Ísólfsson
forstöðumaður
varúðareftirliti

⁴ Regulatory Technical Standards on IRRBB standardised approach. EBA.

